

## Fréttir af markaði

Heildarútlán íbúðalánasjóðs í maí 2017 námu 637 milljónum króna, en þar af voru 433 milljónir vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í apríl 210 milljónum króna. Meðalfjárhæð almennra lána var 12,7 milljónir króna.

Ávöxtunarkrafa allra flokka íbúðabréfa lækkaði í maí. Krafa HFF24 lækkaði um 14 punkta og HFF 34 og HFF44 um 10 punkta. Heildarvelta íbúðabréfa nam 6,8 milljörðum króna í maí samanborið við 4,5 milljarða í apríl.

Greiðslur íbúðalánasjóðs vegna íbúðabréfa og annarra skuldbindinga námu 353 milljónum króna í maí. Uppgreiðslur námu 4,8 milljörðum króna.

## Þróun vanskila útlána

Í lok maí nam fjárhæð vanskila útlána til einstaklinga 1,2 milljörðum króna og var undirliggjandi lánvirði 12,3 milljarðar króna eða um 3,0% útlána sjóðsins til einstaklinga. Heimili í vanskilum eru 709.

Fjárhæð vanskila útlána til lögaðila nam 573 milljón króna og nam undirliggjandi lánvirði 2,1 milljarði króna. Tengjast því vanskil 1,4% lánafjárhæðar sjóðsins til lögaðila.

Heildarfjárhæð vanskila nam 1,7 milljörðum króna, samanborið við 1,9 milljarða í lok apríl. Vanskil ná samtals til 2,6% lánasafnsins, en sambærilegt hlutfall í maí 2016 var 5,4%.

Vanskil teljast hér lán í vanskilum umfram 90 daga vanskil.

## Staða verðbréfalána eftir flokkum í lok maí

Flokkur	HFF24	HFF34	HFF44
Útistandandi bréf (NV)	0,0	0,4	0,2

## Útboð, útlán og greiðslur íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2017	Jan-maí
Utgáfa íbúðabréfa (NV)	0,0
Ný útlán ÍLS	4,4
Greiðslur ÍLS	20,8

Eigendur íbúðabréfa	HFF24	HFF34	HFF44
Bankar og sparisjóðir	0,1%	0,1%	0,1%
Einstaklingar	1,0%	0,6%	0,6%
Erlendir aðilar	0,6%	0,5%	0,5%
Önnur fyrirtæki	1,8%	0,9%	0,9%
Lánafyrirtæki	3,3%	2,2%	2,2%
Lífeyrissjóðir	80,9%	89,4%	89,4%
Tryggingafélag	1,2%	0,7%	0,7%
Verðbr.- og fjárf.sjóðir	9,9%	4,6%	4,6%
Aðrir	1,2%	1,2%	1,2%
Nafnverð	160,4	171,7	269,5

Af heildarútgáfu nafnverðs eru 6 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyrja lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa. Allar tölur eru í milljörðum íslenskra króna.

## Maí 2017


### Samantekt

- Tæp 98% heimila í viðskiptum við ÍLS standa í skilum
- Vanskil tengjast 2,6% alls lánasafns ÍLS
- Fjöldi íbúða í eigu ÍLS er 553 þar af eru 323 íbúðir í útleigu

### Útlánavextir íbúðalánasjóðs

4,20% fastir vextir


### Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Mar. 2017	Apr. 2017	Maí. 2017	Meðal- líftími	Nafn- verð	Eft.st. Nafnv.
HFF24	3,12%	2,86%	2,73%	3,5	160,4	70,0
HFF34	2,59%	2,39%	2,29%	8,1	171,7	119,6
HFF44	2,60%	2,38%	2,27%	12,3	269,5	222,9

\*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok maí'17. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 6 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyrja lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


### Heildarútlán eftir ársfjórðungum



## Vanskil einstaklinga



## Vanskil lögaðila



## Íbúðir Íbúðalánasjóðs

### Eignasafnið

Í lok maí 2017 átti Íbúðalánasjóður 553 íbúðir. Sjóðurinn seldi 22 eign í mánuðinum og bættust jafnframt 10 nýjar íbúðir við eignasafnið. Til viðbótar þeim eignum sem seldar voru í mánuðinum þá hefur Íbúðalánasjóður samþykkt kauptilboð í 47 eignir og vinna nú tilboðsgjafar að fjármögnun þeirra.

Í lok maí voru 178 eignir í almennri sölumeðferð hjá fasteignasölum víðsvegar um landið. Þá voru í lok mánaðarins 323 íbúðir í leigu hjá eignasviði Íbúðalánasjóðs og eru þessar eignir um land allt. Stór hluti þeirra er leigður til fjölskyldna og einstaklinga sem dvöldu í eignunum þegar Íbúðalánasjóður eignaðist þær.

Allar fasteignasölur á landinu geta tekið eignir Íbúðalánasjóðs í sölumeðferð en unnið er eftir samstarfssamningi við Félag fasteignasala um verklag við sölu eigna sjóðsins. Eignir sjóðsins eru leigðar út á markaðsverði og er miðað við sambærilegar eignir í útleigu eftir staðsetningu, stærð, aldri o.fl.

Í töflu hér til hliðar er yfirlit yfir staðsetningu eigna, flokkað eftir landshlutum og nýtingu/ráðstöfun þeirra. Í lok maí hafði 514 eignum eða 93% íbúða sjóðsins verið ráðstafað í leigu, sölumeðferð eða í vinnslu. Þá biðu 39 eignir frekari greiningar og fara þær ýmist í sölu eða leigu.

### Íbúðir ÍLS eftir landshluta og stöðu í lok maí 2017

	Í sölu	Í leigu	Auðar	Í vinnslu	Samtals maí. '17	Samtals apr. '17
Höfuðb. svæðið	27	58	10	5	100	102
Suðurnes	16	96	3	3	118	118
Vesturland	32	45	0	0	77	84
Vestfirðir	17	12	5	1	35	36
Norðurland v.	8	3	0	1	12	13
Norðurland e.	21	16	3	1	41	39
Austurland	39	28	4	0	71	74
Suðurland	18	65	14	2	99	99
<b>Samtals</b>	<b>178</b>	<b>323</b>	<b>39</b>	<b>13</b>	<b>553</b>	<b>565</b>

### Seldar íbúðir

